


Forvarnastefna Reykjavíkurborgar 2014 – 2019

vegna málefna barna og unglinga
og foreldra þeirra







Forvarnastefna Reykjavíkurborgar 2014 – 2019 vegna málefna barna, unglunga og foreldra þeirra

Ný forvarnastefna er unnin með hliðsjón af reynslu og árangri af forvörnum í borginni og þeim samfélagsbreytingum sem orðið hafa síðustu ár.

Kannanir á högum barna og unglunga í Reykjavík sýna að þeim líður almennt vel, þau eru virkari í skipulögðu frístundastarfi og reglum um útivistartíma er betur fylgt en áður. Foreldrar eru öruggari í uppeldishlutverkinu og fylgjast betur með börnum sínum. Félagsauður hefur eflst í hverfum borgarinnar og lykilaðilar í forvörnum og uppeldismálum hafa verið sammála um áherslur og samstíga í aðgerðum. Rannsóknir hafa verið nýttar til að meta árangur og styðja við stefnumótun. Á sama tíma hefur verulega dregið úr áhættuhegðun meðal unglunga svo sem áfengisneyslu, reykingum og neyslu annarra vímuefna. Viðhorf í samfélaginu hafa breyst og samtakamáttur foreldra og annarra sem koma að uppeldi barna og unglunga í Reykjavík hefur skilað árangri.

Þrátt fyrir góðan árangur meðal 13 – 15 ára unglunga hefur þróunin ekki verið á sama veg í aldurshópnum 16 ára og eldri. Sérstakt áhyggjuefni eru þeir sem hvorki eru í námi né vinnu en hjá þeim mælast allir áhættuþættir hærri og sumir verulega hærri en hjá þeim sem stunda formlegt nám. Þá hafa nýjar rannsóknir staðfest að ofbeldi er alvarlegt vandamál meðal reykvískra barna og unglunga, því vill Reykjavíkurborg koma í veg fyrir ofbeldi.

Meginmarkmið endurskoðaðrar forvarnastefnu beinast að því að viðhalda þeim góða árangri sem náðst hefur meðal barna og unglunga, hlúa að verndandi þáttum allt frá fyrstu æviárum barna og efla forvarnastarf meðal 16 ára og eldri.



Áherslur stefnunnar

- **Samfélag án ofbeldis**

Áhersla verði lögð á að vinna gegn hverskonar ofbeldi, líkamlegu, andlegu, kynferðislegu sem og einelti.

- **Virgni og þátttaka**

Áhersla verði lögð á að virkja öll börn og ungmenni til þátttöku í samræmi við aldur og þroska og sporna gegn brottfalli nemenda úr námi og skipulögðu íþrótt- og frístundastarfi. Sérstök áhersla skal lögð á að ná til þeirra sem hvorki eru í vinnu né skóla.

- **Æska án vímuefna**

Áhersla skal lögð á að sporna gegn hvers kyns vímuefnaneyslu.

- **Sjálfsvirðing og virðing fyrir öðrum**

Áhersla verði lögð á að efla sjálfsvirðingu, sjálfstraust og virðingu barna og unglinga fyrir líkama sínum og bera virðingu fyrir öðrum, sem forvörn gegn hverskonar áhættuhegðun

Þáttum stefnunnar eru gerð nánari skil hér á eftir ásamt skilgreiningu hugtaka. Allar borgarstofnanir bera ábyrgð á að stefnunni sé framfylgt.

Þáttum stefnunnar eru gerð nánari skil hér á eftir ásamt skilgreiningu hugtaka. Allar borgarstofnanir bera ábyrgð á að stefnunni sé framfylgt.



Forvarnastefna Reykjavíkurborgar - framtíðarsýn

Forvarnastefna Reykjavíkurborgar leggur áherslu á fjölskylduvænt og heilsuefandi samfélag þar sem öll börn hafi jöfn tækifæri, tileinki sér heilbrigðan lífsstíl, liði vel og hafi sterka sjálfsmynd. Hlúa þarf að umhverfi barna og unglunga og sjá til þess að þau búi við öruggt og uppbyggilegt umhverfi.

Leiðarljós

- Foreldrar eru lykilaðilar í forvörnum og samvera foreldra og barna er verndandi þáttur.
- Sterk og jákvæð sjálfsmynd, félagsfærni og heilbrigðir lífshættir eru börnum og unglingum kjölfesta til að takast á við lífið og tilveruna.
- Samvinna í nærumhverfi og efling félagsauðs er verndandi þáttur fyrir börn og unglunga og stýður foreldra í uppeldishlutverkinu.
- Virk þátttaka í skóla- og frístundastarfi styrkir sjálfsmynd og félagsfærni barna og unglunga.



Almenn markmið forvarnastefnu Reykjavíkurborgar

1. Börn og unglingar búi við góða líkamlega og andlega heilsu og hagsmunir þeirra séu í fyrirrúmi.
2. Réttindi barna séu virt, þau búi við lýðræði og jafnrétti og hafi jöfn tækifæri til þátttöku í samfélaginu.
3. Börn og unglingar eigi uppbyggilegar og jákvæðar samverustundir með fjölskyldu sinni.
4. Börn og unglingar hafi stuðning sem geri þeim kleift að taka upplýstar ákvarðanir og tileinka sér heilbrigðan lífsstíl.
5. Börn og unglingar búi í öruggu samfélagi og við öflugan félagsauð.
6. Foreldrasamstarf sé öflugt í nærumhverfinu og foreldrar öruggir og leiðandi í uppeldi barna sinna.



Markmið fyrir sértækar forvarnir

Sértækar forvarnir beinast að þeim sem almennar forvarnir ná ekki til, eða þurfa á sértækum stuðningi að halda vegna áhættuþátta. Vanlíðan, geðröskun, mismunun vegna fötlunar, kynferðis og ólíks uppruna og erfiðar félagslegar aðstæður eru áhættuþættir í lífi barna og unglunga sem sérstaklega þarf að huga að. Áhættuhegðun er hegðun sem skaðar einstaklinginn, svo sem neysla vímuefna, afbrot, átröskun, tölvuofnotkun, klám og hvers kyns ofbeldi (líkamlegt, andlegt, kynferðislegt sem og einelti).

1. Skimað sé eftir áhættuþáttum meðal barna og unglunga, viðeigandi fræðsla, stuðningur og aðstoð veitt og íhlutun beitt eftir því sem við á.
2. Að foreldrum barna og unglunga sem þurfa stuðning eða eru í áhættu standi til boða fræðsla og þjónusta. Litið verði á það sem forgangsmál að þessum fjölskyldum bjóðist úrræði við hæfi.
3. Þverfaglegt samstarf (innan og utan borgar) sé til staðar vegna barna og unglunga sem þurfa á sértækri þjónustu að halda.





Áherslur fyrir hvert aldurskeið

Þeir sem vinna að forvörnum þurfa að sniða aðgerðir að markhópum og hrinda í framkvæmd áætlunum sem veita viðeigandi stuðning fyrir hvert þroskaskeið. Þeir þurfa einnig að greina hvernig hægt er að styrkja verndandi þætti sem eiga við á þessum lífsskeiðum. Áhættuþættir birtast með ólíkum hætti á hverju aldurskeiði frá barnæsku til fullorðinsára. Mikilvægt er að til staðar sé heilðræn sýn á þarfir og aðstæður ólíkra aldurshópa og úrræði til að bregðast við í nærumhverfinu ef vandamál skapast.

Undanfarin ár hafa samskipti foreldra og mennta- og uppeldisstofnana aukist. Einnig eru foreldrar virkari í starfi félaga þar sem börn þeirra stunda skipulagða frístundastarfsemi. Í leik- og grunnskólum er lagður grunnur að samstarfi og lífsleikni þar sem allt skólasamfélagið ásamt foreldrum vinnur að því að skapa gott lærdóms- og uppeldisumhverfi. Þátttaka barna og unglinga í uppbyggilegu frístundastarfi styrkir sjálfsmynd þeirra og eflir félagsþroska og framlag þeirra til íþróttar-, menningar- og listalífs borgarinnar. Hún er því mikilvægt. Yfirmarkmið er að börn og unglingar verði hæfari að takast á við áskoranir daglegs lífs sem virkir þátttakendur, tileinki sér jákvæðan lífsstíl og beri virðingu fyrir sjálfum sér og öðrum.



0-5 ára

Meðal yngstu barnanna er mikilvægast að leggja grunn að heilbrigðum lífsháttum og koma í veg fyrir að þau lendi í aðstæðum sem vinna gegn eðlilegum þroska. Áhersla er lögð á öryggi þeirra, frumþarfir og góð tengsl við fjölskyldu og vini. Foreldrar eru vakandi yfir velferð barnsins og líf þess einkennist af umhyggju, hvatningu og aga. Lagður er grunnur að sjálfsmynd barnsins. Í frjálsum leik eflist félags- og samskiptafærni. Helstu áhættuþættir sem birtast meðal ungra barna tengjast mótun sjálfsmyndar og samskiptum við foreldra. Börn sem búa við umhyggju og ástúð þróa frekar með sér jákvæða sjálfsmynd en börn sem búa við dómhörku, neikvæða gagnrýni eða afskiptaleysi. Mikilvægt er að bregðast sem fyrst við einkennum neikvæðrar sjálfsmyndar og aðstoða foreldra í hlutverki sínu.

Áhersla er lögð á öryggi þeirra, frumþarfir og góð tengsl við fjölskyldu og vini.




6-9 ára

Við 6 ára aldur verða ákveðin skil þegar grunnskólinn hefst. Barnið tekst á við nýjar aðstæður og aukið sjálfstæði. Mikilvægt er að frá byrjun ríki góð samskipti og traust milli heimila og skóla og að barnið upplifi öryggi og stuðning bæði í skólanum og heima. Barni sem líður vel á fyrstu árum skólagöngu farnast yfirleitt vel í sínu námi.

Mörg börn á þessum aldri sækja frístundaheimili eftir að skóla lýkur og hefja þátttöku í öðru skipulögðu frístundastarfi. Mikilvægt er að gott jafnvægi ríki milli tímans sem barnið ver í skólanum og í frístundastarfi. Ekki verði of mikið álag á barninu og ávallt sé tími aflögu fyrir góða samveru með foreldrum.

Mikilvægt er að frá byrjun ríki góð samskipti og traust milli heimila og skóla og að barnið upplifi öryggi og stuðning bæði í skólanum og heima.







10-12 ára

Á þessu aldursbili axlar barnið meiri ábyrgð á sjálfu sér og verður sjálfstæðara. Barnið fer að efast um margt sem það tók gott og gilt á bernskuárum. Líkamsímynd þess breytist og fleiri aðilar, fullorðnir og jafnaldrar, móta barnið og líf þess. Barnið eignast nýjar fyrirmyndir. Námið breytist með nýjum áskorunum og auknum kröfum. Fritíminn breytist líka því flest börn fara heim að loknum skóladegi.

Mörg börn bera ábyrgð á því að mæta í skipulagt frístundastarf síðar á deginum en önnur eru áfram á eigin vegum. Gildi samveru með jafnöldrum í frítímanum undir handleiðslu fullorðinna fær aukið vægi. Athygli uppalenda og þeirra sem vinna að forvörnum beinist nú að ýmsum þáttum er varða hagi og líðan barna, svo sem sambandi við foreldra og jafningja, viðhorfum til náms og skóla og hvernig þau verja frítíma sínum. Ef barnið sýnir einkenni áhættuhegðunar er brýnt að bregðast strax við og fresta því ekki til unglingsáranna.

Gildi samveru með
jafnöldrum í frítímanum
undir handleiðslu full-
orðinna fær aukið vægi.





13-15 ára

Unglingsárum fylgja nýjar áskoranir. Unglingurinn glímir við spurningarnar hver er ég, hvernig vil ég vera og hverjar eru mínar fyrirmyndir. Áhrif jafningjahópsins eru mikil og unglingurinn mátar sig í ýmis hlutverk en foreldrar sem hafa sterk tengsl við unglinginn sinn hafa raunveruleg áhrif. Á þessum árum er mikilvægt að foreldrar hafi samráð og fylgist vel með, hverja unglingurinn umgengst, hvenær og hvar. Þetta á jafnframt við um netheima. Í samskiptunum er mikilvægast að sem best jafnvægi ríki. Unglingar vilja að foreldrar séu umhyggjusamir og setji skýr mörk án þess vera ráðríkir og dómharðir.

Því meiri tíma sem foreldrar verja með unglingnum sínum, því ólíklegra er að hann leiðist út í neyslu vímuefna. Forvarnastarf beinist að því að styrkja félagslega stöðu unglinga og skapa þeim aðstæður þar sem þeir geta notið æsku sinnar í öruggu umhverfi. Undir handleiðslu fullorðinna þjálfast unglingar í að taka ábyrgð og framkvæma hugmyndir sínar í jafningjahópi. Miklu skiptir að saman vinni heimili, skólar, félagsmiðstöðvar, íþrótt- og æskulýðsfélög og aðrar stofnanir í nærumhverfinu. Allir þessir aðilar verða að leggjast á eitt eigi góður árangur að nást.

Forvarnastarf beinist að því að styrkja félagslega stöðu unglinga og skapa þeim aðstæður þar sem þeir geta notið æsku sinnar í öruggu umhverfi.



16 ára og eldri

Að loknu grunnskólanámi verður mikil breyting á aðstæðum ungmenna. Langflest takast á við framhaldsnám en önnur gera hlé á eða hætta námi. Hluti af öryggisneti unglingsáranna hverfur og tengsl við jafningjahópinn breytast. Í frítímanum er tekist á við nýjar aðstæður á eigin vegum. Mikilvægt er að ungmennin fái tækifæri til menntunar og búi sig undir ábyrgð á eigin lífi. Fyrir marga er þetta tími sköpunar, frumkvæðis og upplifana.

Gott samband við foreldra og traustur vinahópur eru jákvæðir áhrifaþættir ásamt öruggu félagslegu umhverfi og virkri þátttöku í skipulögðu frístundastarfi. Ungmenni sem búa við slíkar aðstæður tileinka sér alla jafna heilbrigða lífshætti og viðhorf og vegnar vel. Hlutverk foreldra beinist að því að viðhalda trausti, fylgjast með námi, vinnu og frítíma barna sinna og vera til staðar þegar á þarf að halda.

Á þessum árum geta margir samverkandi áhættuþættir birst á skömmum tíma. Þar má nefna brotthvarf úr námi, atvinnuleysi, rötleysi vegna breytinga á félagahópnum, minni tengsl við foreldra og fjölskyldu, veika sjálfsmynd, neyslu vímuefna og veikindi. Ekki er nægjanlegt að takast á við vandamálin á einum stað heldur er mikilvægt að ungmennin takist á við aðstæður sínar á heildrænan hátt. Til að árangur náist við forvarnir og íhlutun þarf samþætta nálgun sem beinist að fjölskyldu, jafningjahópi, frítíma, skóla og samfélagi. Ungmenni í aðstæðum sem einkennast af langvarandi félagslegri einangrun og hlutverkaleysi þurfa mikinn félagslegan og einstaklingsbundinn stuðning.

Gott samband við foreldra og traustur vinahópur eru jákvæðir áhrifaþættir ásamt öruggu félagslegu umhverfi og virkri þátttöku í skipulögðu frístundastarfi.

Til að árangur náist við forvarnir og íhlutun þarf samþætta nálgun sem beinist að fjölskyldu, jafningjahópi, frítíma, skóla og samfélagi.



Eftirfylgd og framkvæmd

Öll svið borgarinnar bera ábyrgð á innleiðingu og framkvæmd Forvarnastefnu Reykjavíkurborgar og að aðgerðaráætlun sem byggir á forvarnastefnunni verði unnin á hverjum stað eftir því sem við á. Velferðarsvið ber ábyrgð á heildstæðu forvarnastarfi Reykjavíkurborgar og hefur eftirlit með að unnið sé í samræmi við samþykktu forvarnastefnu.

Samráðshópur um forvarnir er skipaður þvert á þau svið borgarinnar sem koma að forvarnamálum. Hópurinn hefur yfirsýn yfir forvarnastarf, kallar eftir upplýsingum um framkvæmd og áætlanir í hverfum borgarinnar í samræmi við hlutverk hópsins. Samráðshópurinn ber ábyrgð á afmörkuðum verkefnum er snúa að allri borginni, er til dæmis umsagnaraðili um styrkveitingar til forvarnamála og hefur umsjón með rannsóknum er varða hagi og líðan barna og unglinga, kynningu á útivistarreglum o.fl.

Þverfaglegt samstarf stofnana og félagasamtaka hvers hverfis er mikilvægt til að ná markmiðum stefnunnar. Framkvæmdastjórar þjónustumiðstöðva eru ábyrgir fyrir samstarfi við aðra lykilaðila í forvörnum innan hverfis. Þeir sjá til þess að starfandi sé forvarnahópur með fulltrúum stofnana og félagasamtaka sem byggir starf sitt á Forvarnastefnu Reykjavíkurborgar og vinnur heildstæða aðgerðaráætlun fyrir hverfið. Aðgerðaráætlun skal skila til Samráðshóps um forvarnir fyrir 15. febrúar ár hvert.



Starfsemi á sviði forvarna og uppeldismála

Í öllu starfi með börnum og unglingum, hvort sem það er á vegum opinberra aðila eða félaga sem njóta styrkja frá Reykjavíkurborg, er áhersla lögð á jöfn tækifæri, heilbrigða lífshætti og forvarnir.

Stuðlað skal að félagsfærni, jákvæðum samskiptum og fræðslu um verndandi þætti heilsu og velferðar sem og áhættuþætti. Allir sem að meginstarfi vinna með börnum og unglingum skulu fylgja Forvarnastefnu Reykjavíkurborgar.

Allar samkomur og skemmtanir sem eru sérstaklega ætlaðar börnum og unglingum skulu vera vímuefnalausar. Þær skulu haldnar á forsendum barna og unglinga, vera á forsjá aðila sem hafa þekkingu og reynslu af starfi með börnum og unglingum í húsnæði við hæfi.



Lykilaðilar í forvörnum

Lykilaðilar í forvörnum eru fyrirmyndir barna og unglunga og með samvinnu að markmiðum stefnunnar efla þeir félagsauð og lýðheilsu samfélagsins.

Markhópur Forvarnastefnu Reykjavíkurborgar eru börn, unglingar og foreldrar. Lykilaðilar í forvörnum auk foreldra eru stofnanir borgar og ríkis ásamt félagasamtökum og öðrum sem koma að málefnum barna og unglunga svo sem:

- dagforeldrar
- félagsmiðstöðvar
- foreldrafélög allra skólastiga
- framhaldsskólar
- frístundaheimili
- frístundamiðstöðvar
- félagasamtök
- grunnskólar
- heilsugæsla
- íþróttta og tómstundasvið
- íþróttafélög
- kirkja/trúfélög
- leikskólar
- lögregla
- ungmennahús
- vinnuskóli
- þjónustumiðstöðvar



Skilgreining á hugtökum Forvarnastefnu Reykjavíkurborgar

Börn

Samkvæmt lögum eru einstaklingar börn að 18 ára aldri. Í almennri umfjöllun er rætt um allan markhóp stefnunnar sem börn og unglinga. Í sérstakri umfjöllun er þó hugtakið barn notað upp að 12 ára aldri, unglingur frá 13 til 15 ára og ungmenni 16 ára og eldri vegna ólíkra áhersluþátta og eðlis þroskaviðfangsefna eftir aldurskeiðum.

Forvarnir


Forvarnir eru aðgerðir sem ætlað er að fyrirbyggja áhættuhegðun og vanheilsu. Heilsuefning beinist að því að heilsa og velferð einstaklingsins eflist og styrkist. Þekking á heilsueflandi þáttum og leiðum til að forðast áhættuhegðun skipta þar miklu máli.

Almennar forvarnir

Almennar forvarnir beinast að heilsuefningu og þáttum sem bæta heilsu og auka velferð ásamt því að hindra hvers kyns áhættuhegðun. Almennar forvarnir beinast að öllum börnum, unglingum og fjölskyldum þeirra í almennri þjónustu og skipulagi Reykjavíkurborgar.

Sértækar forvarnir

Sértækar forvarnir beinast að einstaklingum og hópum sem eru í áhættu eða þurfa á sértækum stuðningi að halda.



Jákvæður lífsstíll / verndandi þættir

Þegar einstaklingar hafa tileinkað sér hegðun og gildi í lífinu þar sem hlúð er að verndandi þáttum en áhættuhegðun sniðgengin er átt við jákvæðan lífsstíl. Jákvæður lífsstíll felur m.a. í sér heilsurækt, geðrækt, sterka sjálfsmynd, jákvæða líkamsvitund, félagsfærni og samfélagsábyrgð.

Áhættuhegðun / áhættuþættir

Áhættuhegðun er hegðun sem skaðar einstaklinginn, svo sem neysla vímuefna, afbrot, átröskun, tölvuofnotkun, klám og hvers kyns ofbeldi (líkamlegt, andlegt, kynferðislegt sem og einelti). Vanlíðan, geðröskun, ofbeldi á heimili, mismunun vegna fötlunar, kynferðis og ólíks uppruna og félagslega erfiðar aðstæður eru jafnframt áhættuþættir í lífi barna og unglunga sem sérstaklega þarf að huga að.



Mat á árangri

Árangur af forvarnastarfinu verður metinn reglulega með viðurkenndum rannsóknum sem Reykjavíkurborg hefur aðgang að. Um er að ræða kannanir Rannsókna og greiningar, kannanir Háskólans á Akureyri og þjónustukannanir borgarinnar meðal barna, foreldra og annarra sem nýta þjónustuna. Einnig skulu nýttar tölulegar upplýsingar frá stofnunum borgarinnar.

Forvarnahópar hverfanna og stofnanir borgarinnar taka mið af niðurstöðum þessara kannana við gerð áætlana og mat á árangri. Samráðshópur um forvarnir mun í umboði velferðarsviðs taka saman rannsóknir og meta heildarárangur.



Þessa stefnu unnu eftirtaldir aðilar:

Diljá Ámundadóttir fulltrúi velferðarráðs, hópstjóri, Áslaug Friðriksdóttir, fulltrúi velferðarráðs, Gísli Árni Eggertsson, fulltrúi íþróttá – og tómstundasviðs, Magnús Arnar Sveinbjörnsson, fulltrúi umhverfis- og skipulagssviðs, Sigríður Marteinsdóttir, Steinunn Ármannsdóttir, og Eygló Rúnarsdóttir, fulltrúar skóla- og frístundasviðs og Stefanía Sörheller, fulltrúi velferðarsviðs. Verkefnastjóri hópsins var Guðrún Halla Jónsdóttir, verkefnastjóri í Miðgarði, þjónustumiðstöð Grafarvogs- og Kjalarness.

Forvarnastefna Reykjavíkurborgar 2014-2019 var unnin með hliðsjón af gildandi lögum, reglugerðum og alþjóðlegum sáttmálum er varða velferð og hagsmuni barna ásamt Mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, aðalnámskrá leikskóla, grunnskóla og framhaldsskóla.



Reykjavíkurborg
Velferðarsvið